

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

828. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 7. apríl 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við sviðsstjóra og rekstrarstjóra framkvæmda – og umhverfissviðs.
2. Aðalfundarboð Veiðifélags Miðfirðinga.
3. Niðurstöður kynbundinnar kjarakönnunar meðal starfsmanna Húnaþings vestra.
4. Samningur við N4 um kynningarátak fyrir Húnaþing vestra.
5. Fundargerð starfshóps um málefni Arnarvatnsheiðar og Tvídægru.
6. Fundarboð Innanríkisráðuneytisins um kynningarfund vegna samgöngu- og fjarskiptaáætlana.
7. Fundarboð Innanríkisráðuneytisins um kynningarfund vegna frumvarpa um breytingar á lögreglu- og sýslumannsumdæmum.

Afgreiðslur:

1. Sviðsstjóri og rekstrarstjóri framkvæmda – umhverfissviðs eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um helstu verkefni sem í gangi eru s.s. undirbúningur við að teikna breytingar á girðingu og kaup á vatnsrennibraut í sundlaug, greinargerð vegna sorphirðu, aðalskipulag, vatnsskort í aðveitukerfi á Hvammstanga, hönnun og gerð útboðsgagna vegna hitaveitulagna, frárennismál, og vatnsskort hjá vatnsveitu á Reykjaskóla ofl. Fram kom að umsókn um nýtingarleyfi á heitu vatni frá jarðhitasvæðinu að Reykjum í Hrótafirði hefur verið send til Orkustofnunar og er það mál nú í hefðbundnu umsagnarferli.
2. Lagt fram aðalfundarboð Veiðifélags Miðfirðinga, sem haldinn verður í Laxahvammí 14. apríl n.k. kl 20:30. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
3. Lögð fram niðurstaða kynbundinnar kjarakönnunar meðal starfsmanna Húnaþings vestra. Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs gerði grein fyrir helstu niðurstöðum könnunarinnar. Samþykkt að vísa niðurstöðunum til umfjöllunar framkvæmdaráðs.
4. Til kynningar lagður fram samningur milli Húnaþings vestra og N4 um gerð kynningarefnis fyrir Húnaþing vestra. Í samningnum er m.a. tiltekið að unnið verði að eftirtöldum verkefnum í Húnaþingi vestra frá apríl 2014 - apríl 2015.
 - a) Framleiðsla og sýningar á 4 þáttum af „Óvissuferð í Húnaþingi.
 - b) Framleiðsla og sýningar á heimildarþætti um Húnaþing vestra.
 - c) Framleiðsla og sýningar á 75 innslögum frá Húnaþingi vestra í þættinum „Að norðan“.

Gerð þessa kynningarefnis og fjármögnun er í samræmi við samkomulag Húnaþings vestra og verkefnisstjórnar um Sóknaráætlanir landshluta um markaðssetningu á búsetukostum, atvinnuuppbyggingu og innviðum í Húnaþingi vestra.

5. Fram lögð til kynningar fundargerð starfshóps sveitarstjórna Borgarbyggðar og Húnaþings vestra um sameiginleg málefni sveitarfélaganna er varða Arnarvatnsheiði og Tvídægru.
6. Fram lagt til kynningar fundarboð Innanríkisráðuneytisins um kynningarfund vegna samgöngu- og fjarskiptaáætlana. Fundurinn verður haldinn á Sauðárkróki 8. apríl nk. kl. 16:00. Oddviti, sveitarstjóri og Stefán Böðvarsson, sveitarstjórnarmaður munu sækja fundinn.
7. Fram lagt fundarboð Innanríkisráðuneytisins um kynningarfund vegna frumvarpa um breytingar á lögreglu- og sýslumannsumdæmum. Fundurinn verður haldinn í Miðgarði, Skagafirði þann 10. apríl nk. kl. 11:30. Samþykkt að Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Elín Jóna Rósinberg og sveitarstjóri sæki fundinn.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:48

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Leó Örn Þorleifsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.